



Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

FUNDUR - 4. janúar 2005

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 56. fundar þriðjudaginn 4. janúar 2005 kl. 17:00 í Félagsheimilinu. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum.
Mætt eru undirrituð.

Dagskrá:

1. Fundargerð bæjarráðs frá 21. desember 2004.
2. Fundargerð fræðslu-, íþrótt- og tómstundanevndar frá 15. desember 2004.
3. Fundargerð fræðslu-, íþrótt- og tómstundanevndar frá 20. desember 2004.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 107. fundar bæjarráðs frá 21. desember sl. í 9 liðum, kynnt og tekin til afgreiðslu. Óskað var eftir svohljóðandi bókun.
*“Varðandi erindi Vegagerðarinnar skv. 3 lið fundargerðar bæjarráðs frá 21. des. s.l. um brú yfir Blöndu fyrir umferð hestamanna, þá er bæjarstjórn Blönduóssbæjar mjög jákvæð fyrir þeirri framkvæmd, enda myndi það leysa ákveðið vandamál varðandi umferð hestamanna um þjóðveg eitt í gegnum bæjarfélagið. Sé það kostur í stöðunni að mati Vegagerðarinnar og hestamanna að nota gömlu Blöndubrúna í þessum tilgangi telur bæjarstjórnin það góðan kost, til að varðveita og nýta það gamla mannvirki.
Bæjarstjórn ítrekar hins vegar í þessu samhengi mikilvægi göngubrúar yfir ósa Blöndu í náinni framtíð.”*
Bókun og þá fundargerðin í heild sinni borin undir atkvæði. Samþykkt í tvennu lagi með 7 atkvæðum samhljóða.
2. Fundargerð fræðslu-, íþrótt- og tómstundanevndar frá 15. desember s.l. kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin sem er í 4. liðum, borin upp og samþ. með 7 atkv. samhljóða.
3. Fundargerð fræðslu-, íþrótt- og tómstundanevndar frá 20. desember s.l. í 4. liðum, kynnt og tekin til afgreiðslu. Fundargerðin borin upp og samþ. með 7. atkv. samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:00.

Valgarður Hilmarsson
Valdimar Guðmannsson
Jóhanna G. Jónasdóttir
Jóna Fanney Friðriksdóttir
Sigurður Jóhannesson

Ragnar Ingi Tómasson
Margrét Einarsdóttir
Þórdís Hjálmarsdóttir
Hjördís Blöndal

